

# Stjórnarfundur Geðhjálpar 23.02.2017

---

**Mættir:** Hrannar, Anna Gunnhildur, Þórður, Bergþór, Sylviane, Halldóra og Sveinn Rúnar.

**1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir (PI).**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar lesin upp og samþykkt.

**2. Bataskólinn, ráðning skólastjóra/verkefnisstjóra, ferð til Nottingham, reifun. Stjórn skólans. (HJ, HP).**

Fimmtán manna hópur, þar af fimm notendur, sóttu fimm daga námskeið í hugmyndafræði og rekstri bataskóla við Bataskólann í Nottingham dagana 13. – 17. sl. Ferðin gekk í alla staði vel og var mjög upplýsandi. Hópurinn setti m.a. saman námskeið samkvæmt stöðlum bataskóla.

Tveir verkefnisstjórar hafa verið ráðnir í 50% starf hvor um sig til að stýra starfsemi skólans. Þeir eru Þorsteinn Guðmundsson og Esther Ágústsdóttir.

Stjórn Geðhjálpar leggur ríka áherslu á að Bataskóli Íslands hafi sjálfstæða stjórn skipaða fulltrúa Geðhjálpar og samstarfsaðilum og verkefnisstjórar skólans heyri beint undir stjórnina.

**3. Heimildamyndin Crazywise (<https://crazywisefilm.com/>).**

**Ferð formanns á forsýningu myndar til Norwich.**

Formaður leggur til að myndin Crazywise verði sýnd á vegum Geðhjálpar héraendis. Framkvæmdastjóra er falið að kanna kostnað við sýningu myndarinnar á Íslandi og leggja málið fyrir nýja stjórn.

**4. Aðalfundur, framboð, formennska (HJ)**

Sjö hafa gefið kost á sér í tíu laus sæti í stjórn Geðhjálpar. Framboðsfrestur rennur út viku fyrir aðalfund. Kosning níu fulltrúa í aðal- og varastjórn og formanns fer fram á aðalfundi laugardaginn 18. mars. Aðalfundurinn verður auglýstur í dagblöðunum um helgina.

**5. Ársreikningur, kynning á drögum (HJ, AGÓ).**

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að ársreikningi. Drögin sýna ágæta afkomu félagsins árið 2016.

**6. Styrkir ÖBÍ til þátttöku í sumarskóla um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í Galway.**

Áhersla verður lögð á réttindi fólks með geðraskanir og geðfötlun í sumarskóla um Samning Sameinuðu þjóðanna í Galway á Írlandi næsta sumar. Stjórnarmenn eru hvattir til að sækja um styrk til ÖBÍ til að sækja

námskeiðið fyrir 15. mars. Styrkurinn stendur straum af kostnaði við námskeiðið, ferðir og ódýra gistingu á meðan á námskeiðinu stendur.

**7. Önnur mál.**

Fjallað er um hvað hefði staðið uppúr í starfsemi núverandi stjórnar. Samþykkt að fara út að borða á Restó á Rauðararstíg miðvikudaginn 8. mars.

**Fundi slitið kl. 18.48.**